



Selfyssingar tryggja sér deildarmeistaratitilinn

Selfyssingar unnu góðan 4-1 sigur gegn Fjölni sl. sunnudag og tryggðu sér þar með deildarmeistaratitilinn í 2. deild kvenna. Liðið er búið að spila mjög vel í sumar og er taplaust eftir 15 umferðir og enn eru tvær umferðir eftir. Bikarinn verður afhentur á JÁVERK-vellinum á Selfossi föstudaginn 12. september þegar Selfyssingar fá Völsung í heimsókn. Fyrst er það þó leikur á móti ÍH á sunnudaginn í Hafnarfirði. Ljósmynd: UMFS

Jákvætt árshlutauppgjör í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið Árborg hefur náð góðum árangri í rekstri samkvæmt nýbirtu árshlutauppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2025. Afkoma A- og B-hluta er jákvæð um 352 milljónir króna.

Helstu ástæður eru hagráðing í rekstri, minni skuldetning og auknar tekjur af m.a. sölu byggingarréttar, íbúafjölgun og herra útsvari. Uppgjörið sýnir áframhaldandi styrkingu fjárhags sveitarfélagsins og aukinn stöðugleika.

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, fagnar þessum árangri sem er að skila sér eftir erfiðar aðgerðir undanfarin ár. „Við fögnum árangrinum sem er samstarfsverkefni kjörinna fulltrúa, starfsmanna og íbúa. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og tryggja



ábyrgan rekstur sveitarfélagsins. Þessi jákvæða niðurstaða skapar þann grunn sem við höfum talað fyrir til þess að geta lækkað álögur á íbúa því íbúar eiga að njóta árangursins,“ segir Bragi.

Fram undan eru áframhaldandi áskoranir við að gera grunnrekstur sveitarfélagsins, svokallaðan A-hluta, sjálfbær á næstu árum. Mikill árangur hefur náðst og er Sveitarfélagið Árborg staðráðið í að nýta þennan góða árangur sem grunn til frekari uppbyggingar og þjónustu við íbúa.

Lítill sjávarbær verður að líflegum vettvangi menningu og upplifana

Haustgildi er hátíð sem haldin er í byrjun september og breytist þá lítill sjávarbær, nánar tiltekið Stokkseyri, í líflegan vettvang menningarupplifana þegar Haustgildi, uppskeruhátíðin „Menning er matarkista“, fer fram. Hátíðin hefur á skömmum tíma fest sig í sessi sem einstakur vettvangur fyrir matarmenningu, bókmenntir og listir á Suðurlandi. Það er Pétur Már Guðmundsson sem stendur fyrir hátíðinni en hann rekur bóksölu í Brimrót sem er viss „höfustöð“ Haustgildis. Þar er rekið „Co operation“ þar sem listafólk kemur saman og stundar sína vinnu. Brimrót er á efri hæð



Gamla Gimlis sem er vissulega hús með sögu en þar hefur verið ýmis starfsemi á árum áður en þar var skemmtistaður um tíma, rekið bókasafn og nýtt sem íþróttahús svo eitthvað sé nefnt. Ég heyrdi í Pétri sem virðist búa yfir óbifandi drifkrafti þegar kemur að menningu og listum, hann er dugnaðarforkur í því að

styrkja menningarlíf í Árborg og víðar hér á Suðurlandi þar sem sífellt fleiri taka þátt í hátíðinni Haustgildi.

„Hugmyndin að einhvers konar markaði kviknaði fljótlega eftir að við komum inn á Brimrót, í Gimli, gamla félagsheimilinu á Stokkseyri. Upphaflega var hugmyndin að hafa svona markað með grænmeti og handverki. Svo eru náttúrulega svo mörg gallerí á Stokkseyri og þá var gott að fá þau með,“ svarar Pétur þegar ég spyr hann að uppsprettu hugmyndarinnar að Haustgildi.

„Svo eftir að Bókabæirnir austanfjalls tóku Haustgildi að sér sem sína bókmenntahátíð

hefur sá þáttur stækkað mikið. Fleiri höfundar og allavega einn svona stærri viðburður. Í fyrra var tíu ára afmæli Bókabæjanna og þá fengum við Shaun Bythell, skoskan höfund og bóksala, í heimsókn. Í ár ætlum við að hafa dagskrá helgaða Ísaki Harðarsyni og ljóðabókinni hans Stokkseyri,“ bætir hann við brosmildur á svip.

En hvað hefur staðið upp úr og hvað drýfur þig áfram í að halda þessa tilteknu hátíð á hverju ári?

„Þetta hefur alltaf verið skemmtilegt og gefandi en ef ég ætti að nefna einn viðburð var það alveg ógleymanlegt þegar Eyjólfur Eyjólfsson og Luke

Starkey voru með tónleika í Stokkseyrarkirkju. Það var alveg ógleymanlegt og skapaði þessa hefð að hafa svona andaktuga tónleika í Stokkseyrarkirkju á laugardagskvöldinu. Nú eru það tónleikar Ingibjargar Elsu Turchi, Hróðmars Sigurðssonar og Sólrúnar Mjallar Kjartansdóttur.“

„Það er svo skapandi og gott andrúmsloft á Stokkseyri, frábær hópur af listafólki og svo fallegt hérað; það er mikið til sem hvetur mig áfram. Gera einhverja viðburði og dagskrá með góðu fólki!“ Endar hann á að segja með eftirvæntingu í rómnum enda hátíðin einungis handan við hornið. S.C.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

DOVE BRADSHAW - ASKE SIGURD KRAUL - SAM JEDIG

ON
ICELAND
IN DIALOG

OPENING 1

THE CORRIDOR GALLERY
BRAUTARHOLT 8, 105 REYKJAVÍK, ICELAND
SEPTEMBER 5, 2025
16:00 - 19:00
Helgirtidjonsson@gmail.com

OPENING 2
(POP UP PROJECT)

KAMBUR
851 HELLA, ICELAND
SEPTEMBER 7, 2025
12:00 - 15:00
Kambur851@gmail.com - +354 8231596

IN COLLABORATION WITH STALKE OUT OF SPACE

Hestur í óskilum í Sveitarfélaginu Árborg



Í óskilum er 4 ja til 5 vetra gömul hryssa. Brúnsökkótt tvístjörnött. Hryssan hefur verið í Austurkoti í c.a. 3 ár. Hryssan er ómörkuð.

Hafi réttur eigandi ekki vitjað hennar og sannað eignarrétt sinn á henni og greitt áfallinn kostnað innan þriggja vikna frá birtingu auglýsingar þessarar, verður óskað eftir uppboði á hryssunni hjá sýslumansembættinu.

Allar nánari upplýsingar gefur Páll Bragi Hólmarsson S: 8977788



Aðalskipulagsslysið í Hveragerði - Skipulagssýn

Ígrein sem undirritaður skrifaði. Log birt var í Dagskránni 31. júní 2025 var varað við væntanlegu skipulagsslysi í Hveragerði. Líta má á þessa grein sem framhald hennar því margir Hveragerðingar hafa komið að máli við undirritaðan og beðið um frekari skýringar á því hvaða sýn hann hafi á nýtingu lands Hveragerðis, og þróun skipulagsins almennt. Undirritaður hefur hætt öllum daglegum störfum vegna aldurs en starfaði í meira en áratug að gerð aðal- og deiliskipulagsáætlaða víða um landið. Hann er arkitekt og skipulagsfræðingur og telur sig hafa góða þekkingu og reynslu á skipulagsáætlunum.

Ríffjum upp gallana á aðalskipulagstillögu skipulagsnefndar: Þjóðvegurinn og háspennulínur kljúfa Hveragerði í tvennt, í norður og suður, með 150-200 metra breiðu belti. Besta og verðmætasta land bæjarfélagsins fer forgörðum. Umferð sem fer um þjóðveginn daglega er um 20.000 bílar að degi til, og þarf því að hafa hljóðmanir báðum megin. Norðurhlutinn á um 5-7 ár eftir í fullnýtingu, en syðri hlutinn mun þróast á næstu 25 árum, allan þann tíma sem hálfgerður „undanvillingur“. Skiptingin útilokar samfellda byggð og þjónustu.

Lausnin er mjög einföld. Það þarf að færa þjóðveg og háspennulínur að vesturmörkum bæjarins og eins langt suður og eðlilegt er fyrir þjóðveginn. ALLIR gallarnir hverfa. Byggðin og samfélagsleg þjónusta verður samfelld, landnýtingin mjög góð og miðja bæjarlandsins væri þá nýtt fyrir kjarnastarfsemi bæjarfélagsins. Hávaðinn og mengunin frá þjóðveginum flyst frá byggðinni. Vindrós fyrir Hveragerði sýnir að tíðni vinda er mest úr norðri, blæs til suðurs frá bænum.

Aðrar skipulagshugmyndir undirritaðs eru eftirfarandi: Eina aðkoman frá þjóðveginum inn í bæinn verði um Breiðumörk, sem lengist til suðurs að hinu nýja hringtorgi. Núverandi verslunarsvæði stækkar til suðurs við austanverða Breiðumörk. Þar yrði nýjum verslunarkjarna, jafnvel tveimur, komið fyrir með lágvöruverðsverslun(um), sérverslunum, þjónustu, snyrtingum og torgi(um) fyrir uppákomur og markaði. Miðbæjarsvæðið verði eingöngu ætlað fyrir uppbyggingu miðbæjarþjónustu, enga aðra starfsemi sem síðar þyrfti að kaupa upp, rífa eða flytja. Til að mæta aukningu í ferðaþjónustu þarf að taka frá lóðir fyrir tvö hótél við vestanverða Breiðumörk. Þar væri einnig lítill og fallegur miðbæjargarður til að „lofta“ miðbæinn. Ráðhús, þegar eða ef reist verður, myndi sóma sér vel á lóðum gamla kvennaskólans og verslunarinnar Reykjafoss þegar þau verða rifin. Þar er hinn raunverulegi hjartastaður Hveragerðis, segja innfæddir.

Við hringtorgið komi stór

umferðamiðstöð með almenna ferðamannaþjónustu og stórt bílastæði fyrir langferðabíla og fólksbíla. Þessi umferðamiðstöð gæti þjónað innanbæjarstrætisvögnum þegar þeir taka til starfa. Líkleg strætisvagnaleið er um Belamörk og framlengingu hennar, núverandi þjóðveg, Breiðamörk, Laufskóga og inn í dal.

Með auknum fjölda íbúa og ferðamanna þarf Breiðamörk að vera búin undir miklu meiri umferð. Hún þarf að breikka í minnst þrjár akreinar. Við Belamörk kæmi hringtorg með tímanum. Tíminn mun leiða í ljós hvort þörf verður á 4 akreinum en gott er að vera við því búinn. Breiðamörk getur aðeins breikkað til vesturs á kostnað þeirra lóða eða mannvirkja sem þar hafa verið reistar. Þessar breytingar þarf að sýna strax á aðalskipulagssupplætti og nefna í skýrslu.


Allur nýr iðnaður og gróðurþjónusta verði í bæjarlandi sunnan nýs þjóðvegar með aðkomu frá hringtorgi og Þorlákshafnarvegi. Þangað flytjast þær stofnanir og fyrirtæki sem ekki eiga heima í íbúahverfum, t.d. sorpmóttaka o.fl. Ekki er vitað um stefnu bæjarfélagsins um staðsetningu gróðurhúsa eða nýja skólfráveitu fyrir hina væntanlegu byggð.

Með þessari grein fylgja tveir skipulagssupplættir. Annars vegar tillaga skipulagsnefndar, í umboði bæjarstjórnar, að aðalskipulagi 2025-2037 og hins vegar handteiknuð skipulagssýn undirritaðs um mögulega þróun Hveragerðis næstu 12-25 ár. Kostir og gallar sjást vel með samanburði.

Lokaorð: Núverandi tillaga

Róbert Pétursson





LYFSEÐILSSKYLD LYF **FRÍTT HEIM**

Heimsending að jafnaði innan klukkustundar í Lyfju appinu.



Sæktu
Lyfju appið

Bókmenntahátíðin í Póllandi

Bókabæirnir austanfjalls og Haustgildi

Það er pólskur bær í suð-austur-Póllandi sem heitir því þjála nafni Szczepreszyn. Nafnið er tungubrjótur fyrir Pólverja svo að skiljanlega er nafnið munnfylli og vel það í íslenskum munni. Þessi fimi sem framburður á nafni bæjarins fer fram á er hins vegar ein megin ástæðan fyrir því að þar hefur verið haldin seinustu tíu ár einhver magnaðasta bókmenntahátíð sem undirrituð hefur heim-sótt, þótt við tölum enga pólsku. Bærinn er líka höfuðborg pólskar tungu.

Hátíðin var stofnuð fyrir tíu árum síðan og hugmyndafræði hátíðarinnar kemur greinilega fram í skipulagningu og viðburðum sem eru í boði. Það er ekki bara ástríða fyrir bókmenntum og skrifuðu máli heldur líka tungumálið og blæbrigði þess í daglegri umræðu.

Að með því að lesa og fjalla um bókmenntir þá sé líka verið að fjalla um hversdagsleg samskipti, dagleg umræða og að bæta þá umræðu og kunna betur að meta fjölbreytni sem býr í samfélaginu og endurspeglast í tungumálinu og bókmenntum.

Hátíðin hefur farið stækkandi seinustu ár og er nú ein stærsta bókmenntahátíð í Póllandi.

Fjöldi manns kemur að skipulagningu og undirbúningi og hátíðin fær mikla umfjöllun í öllum helstu miðlum Póllands og heldur úti sinni eigin YouTube-rás með upplestrum og viðtölum í tengslum við hátíðina.

Helsti upphafsmaður hátíðarinnar er Piotr Duda sem kemur frá Szczepreszyn og hann er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Þau eru nú að þróa hugmyndina



á bakvið hátíðina enn frekar og leita til samstarfsaðila til að vinna með.

Magda Krasowska-Igras starfar fyrir hátíðina og hafði samband við Bókabæina austanfjalls fyrir hönd stjórnar hátíðarinnar. Þau hafa mikinn áhuga á að mynda tengsl við Bókabæina hér á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Til að hefja það samstarf fórum við, Pétur Már Guðmundsson og Jónína Sigurjónsdóttir, heimsóttum hátíðina dagana 4.-7. ágúst. Bærinn er fallegur og vinalegur og aðstaða hátíðarinnar og umhverfið einstaklega fallegt. Þeim sem standa að hátíðinni hafa líka tekist mjög vel að koma sér fyrir í þessum skógarlundi þar sem hún er haldin.

Samstarf Bókabæjarins og

hátíðarinnar hefur mikla möguleika. Haustgildi er uppskeruhátíð á Stokkseyri sem hefur verið haldin seinustu fimm ár og býður til sín fjölda rithöfunda á hverju ári. Auk þess að bjóða upp á tónlist og framleiðslu úr nágrenninu hefur Haustgildi seinustu ár orðið að bókmenntahátíð Bókabæjanna austanfjalls. Heimsóknir höfunda á þá staði sem myndu taka þátt í samstarfinu koma strax upp í hugann. Þannig kæmu pólskir höfundar í heimsókn á Haustgildi strax á næsta ári en samstarfið hefur líka fjölmarga aðra möguleika. Tungumálið sjálft er sem dæmi ofarlega í huga allra sem koma að þessu. Það væri líka kærkomið að Pólverjar sem búa á Íslandi gætu séð og heyrt pólska höfunda lesa upp á Stokkseyri.

Nú verður hafist handa við að mynda tengsl við bókabæinn Fjærland í Noregi til að fá þau um borð. En þetta samstarf mun hafa mikla þýðingu fyrir Bókabæina austanfjalls og Haustgildi.

Ávinningurinn er líka mikill fyrir nærumhverfið og nágretta sveitarfélög Árborgar og bókmenntastarfsemi á svæðinu. Tengja saman menningarheima og læra inn á blæbrigði annarra tungumála og hlýða á skemmtilegar sögur.

Pétur Már Guðmundsson og Jónína Sigurjónsdóttir



Sunnlenski matgæðingurinn



Ær/lambafillet í airfryer

Að þessu sinni er Jóhanna Bríet Helgadóttir matgæðingur vikunnar. Hún deilir með okkur ljúffengri uppskrift af fillet í airfryer.



Ég vil byrja á að þakka þessa fyrir áskorunina. Mér finnst fátt jafn skemmtilegt eins og að brasa í eldhúsinu. Ég er sauðfjár- og kúabóndi svo það þarf ekki að koma neinum á óvart að ég komi hér með fljótlega aðferð við að elda ærfilllet, en ég var frekar sein á vagninn að fjárfesta í airfryer og sé ekki í eina sekúndu eftir þeim kaupum.

600 g ær eða lambafillet
Kjöt og grillkrydd
Salt & pipar

Skerið rákir í fituna og kryddið með kjöt & grillkryddinu, salti og pipar. Leyfið því að marinerast í ísskáp í 2 sólarhringa (ekki skylda, en allt kjöt verður betra þá). Stillið airfryerinn á „Broil“ 200° og eldið í 8 mín á hvorri hlið. Takið kjötið út og leyfið að hvíla í 10 mín.

Brokkolísalat
4 sneiðar beikon
½ brokkolíhaus
½ paprika
½ gúrka
1 avakadó
3 msk. mæjones
1 tsk. karrý
1 tsk. chili explotion

Eldið beikonið í ofni þar til það er tilbúið. Skerið í bita og kælið. Sjóðið brokkolíð,

skerið það svo í grófa bita og kælið. Skerið paprika, gúrku og avakadó smátt niður og setjið í skál. Blandið mæjonesi og kryddum saman við. Að lokum bætið brokkolí og beikoni við.

Smjörsteiktur gular baunir
Gular baunir í dós
Smjör
Salt

Hitið gular baunir í potti með smjöri og salti.

Piparsveppasósa
½ piparostur
½ villisveppaostur
500 ml rjómi
1 tsk. rífsberjahlaup
1 askja Flúðasveppir
1 sveppa kraftur
Smjörklípa
Salt & pipar

Skerið sveppi niður og steikið í potti uppúr smjöri. Rífið ostana niður á rifjárn og bætið út í ásamt rjómanum. Þegar það hefur bráðnað saman bætið restinni út í og smakkið til með salti og pipar.

Ég vil skora á móðursystur mína, Ingvaldi Guðjónsdóttur að vera næstu matgæðingur. Hún er algjör snillingur í eldhúsinu og töfrar fram þvílíku matar- og kaffiveislurnar á núll einni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson og Sandra Clausen, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis- og þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Er á vangann ekki rjóð, einn í burt er drykkur. Er til sölu íslensk þjóð, aðeins grátt og færd er góð.

Svar við gátu á blaði 2817: **HÁLFUR**
2. lína: (h)álfur
4. lína: hálfur mánuður

Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

prentmet heildarlausnir í prentun

Umbúðir

Almenn prentun

Bækur

Límmiðar

Stimplar

Gagnheiði 17 | Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is

Íbúðarhúsalóðir



tilbúðar til afhendingar

Upplifðu rólegra og áhyggjuminna líf í samheldnu, kraftmiklu og drífandi samfélagi á Suðurlandi þar sem öll þjónusta er annað hvort á staðnum eða í næsta nágrenni og úlfatíminn er ekki til. Í sveitasælunni verða dagarnir stuttir, en lífið langt og meiri tími gefst til að njóta fallelgrar náttúru, útivistar og samverustunda með þínum nánustu.

Sæktu um lausa íbúðarhúsalóð og byggðu þér framtíðarheimili á besta stað á Suðurlandi.



20 mín.
á Selfoss



Leik- og
grunnskóli



Einstakar
náttúruperlur



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Kynntu þér framtíðarbyggð á borgisveit.is

Hæstvirtur forsætisráðherra, hvenær lýkur þessari martröð?

LJÓÐ
VIKUNNAR

Hæstvirtur forsætisráðherra, hvenær lýkur martröðinni á Gaza? Þessum algjöru hörmungum – mér býður við að eyðileggja heimili fólks, ég vil fara heim mig langar að faðma elskuna mína! Í staðinn fyrir hlýjuna heima og ástríkan faðm unnustunnar – fyllir angist frosin bein mín þegar ég horfi á dreng í skelfilegu áfalli eftir að finna lík móður sinnar undir rústum heimilisins ... Við komum úr martröðinni

með hrylling í hjartanu og grátbænum með augunum – Hæstvirtur forsætisráðherra, við fæddumst til að skapa, gleðjast, elska og lifa – ekki til að drepa! Gerðu það, hæstvirtur forsætisráðherra, bintu enda á þessa martröð sem lokar á vonir okkar og drauma, okkar unga líf, þessa skelfilegu martröð sem drepur sál okkar og líkama ekki aðeins í martröð.

Ada Aharoni, Ísrael
Þór Stefánsson þýddi úr ensku

Gaman saman í kvenfélagi



Nú þegar september er að ganga í garð hefst vetrarstarfið hjá Kvenfélagi Selfoss og er það 77. starfsár félagsins. Fyrsti félagsfundur vetrarins verður í Selinu við Engjaveg 9. september kl. 19:30 og eru gestir og nýir félagar hjartanlega velkomnir.

Félagsfundirnir eru haldnir annan þriðjudag í mánuði, oftast í Selinu, en stundum er brugðið á leik annars staðar. Spjall- og handavinnukvöld eru í Selinu tveimur vikum eftir félagsfund hvers mánaðar, kl. 19:30 og eru allir velkomnir.

Kvenfélagið hefur gefið út dagbókina Jöru sl. 33 ár og eru fyrirtækjum og stofnunum færðar þakkar fyrir stuðninginn við dagbókina fyrir árið 2025, sem og fyrri dagbækur. Án þessa stuðnings væri útgáfa hennar ekki möguleg.

Ágöða af dagbókinni 2025 var varið til að styrkja tilrauna- verkefnið „Flakkandi félags-

miðstöð“. Félagsmiðstöðin Zelsíus sá um þetta verkefni í samstarfi við lögreglu og barnavernd.

Vinna við 34. dagbókina er hafin og munum við áfram leita til fyrirtækja og stofnana varðandi auglýsingar og styrktarlínur. Mun dagbókin eins og áður innihalda uppskriftir, ljóð og ýmiss konar fróðleik.

Að starfa í Kvenfélagi Selfoss er gefandi og skemmtilegt og hvetjum við alla til að kynna sér starf félagsins.

Barnastarf Selfosskirkju

Í fallegu kirkjunni okkar verður fjölbreytt og skemmtilegt starf í vetur fyrir krakka á öllum aldri!

Mánudagar

14:30-15:50 TTT starf (10-12 ára)
20:00-21:30 ÆSKÓ (13-16 ára)

Þriðjudagar

14:30-15:45 Kirkjukrakkar (6-9 ára)
14:30-16:00 Unglingakór (10-16 ára)
16:00-16:45 Barnakór (7-9 ára)

Miðvikudagar

10:15-10:45 Krilasálmur (0-3 ára)
11:00-12:00 Foreldramorgnarnar

Fimmtudagar

15:00-16:00 Unglingakór (10-16 ára)

Sunnudagar

11:00-11:45 Sunnudagaskólinn (0-99+ ára)

Þátttaka er ókeypis

Skráning og frekari upplýsingar
www.selfosskirkja.is

Laus störf við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir tvö störf vegna afleysinga:

- Enskukennari. Um er að ræða rúmlega 80% starf í afleysingu til áramóta. Kennari ber ábyrgð á undirbúningi, kennslu og námsmati, tekur þátt í faglegu samstarfi og fleira. Viðkomandi þarf að hafa háskólamenntun í ensku og leyfisbréf sem kennari skv. lögum nr. 95/2019. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands.
- Starfsmaður í mótuneyti skólans á Selfossi. Um er að ræða 50-80% starf í afleysingu til 15. maí 2026. Helstu verkefni eru afgreiðsla í mótuneyti, frágangur, aðstoð í eldhúsi, vörumóttaka auk tilfallandi verkefna. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og FOSS.

Leitað er eftir áreiðanlegum einstaklingum með mikla þjónustulund og jákvæða framkomu. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Sótt er um á starfatorg.is. Þar eru ítarlegri auglýsingar með nánari upplýsingum um hæfnikröfur og fleira. Umsóknarfrestur er til 12. september. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur þurfa að skila inn hreinu sakavottorði skv. lögum nr. 92/2008. Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is.

Skólameistari



Fagleg þjónusta fyrir hótél, gistiheimili, og önnur fyrirtæki á Suðurlandi

- Línleiga
- Áreiðanleg og persónuleg þjónusta
- Akstur til og frá

Þvottahúsið Hekla ehf
Dynskárum 36, 850 Hellu
Sími: 487 5900
Netfang: info@thekla.is


Þvottahúsið Hekla

A woman in a teal jacket and black pants is hiking on a dirt trail. She has a large blue and black backpack and is using trekking poles. The trail is surrounded by dry, yellowish-brown vegetation and some evergreen trees in the background. The sky is blue with scattered white clouds. In the foreground, the hands of the person taking the photo are visible, holding trekking poles.

TM

Sama hvar þú ert í

Lífinu

þá viltu vera hjá TM



Pípari óskast

Pípulagnir Suðurlands óskar eftir að ráða faglærðan pípulagningamann/konu, eða einstakling vanan pípulögnum.

Nánari upplýsingar veitir Ívar í síma 823 6656 eða ivar@psud.is.



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

JC Selfoss fagnar 50 ára afmæli


Í ár eru fimmtíu ár síðan hópur ungtra manna á Selfossi kom saman og stofnaði félagskapinn JC Selfoss. Aðalhvatamaðurinn að stofnun þess var Þorsteinn Skúli Ásmundsson, þá nýfluttur til Selfoss. Félagið okkar, JC Selfoss, var stofnað 2. mars árið 1975. JC Selfoss var aðili að JC-hreyfingunni á Íslandi sem var stofnuð árið 1959. Á árunum eftir 1967-70 fór aðildarfélagum JC að fjölga og störfuðu þá á Íslandi um 24 félög, þá í öllum landshlutum. Á tímabili voru félagsmenn í JC-hreyfingunni á Íslandi yfir eitt þúsund, bæði konur og karlar með ólíkar skoðanir. Á fyrstu árum JC Selfoss störfuðu eingöngu karlmenn en með öflugan kvennaklúbb sér við hlið. Á árunum 1981 til 82 urðu þáttaskil í félaginu, var þá konum boðin full aðild að félaginu. Með þeirri breytingu fjölgaði verulega í félaginu og fór fjöldi félagsmanna vel yfir eitt hundrað. Skilaði þessi breyting sér strax með kraftmiklu og fjölbreyttu starfi sem gerði JC Selfoss að einu öflugasta JC-félagi á Íslandi. Markmið JC-hreyfingarinnar var að þjálfa fólk í hinum ýmsu verkefnum sem byggði á því að bæta þekkingu og þroska. Haldin voru námskeið og gerð verkefni sem þjálfaðu fólk í skipulagi og framkvæmd. Að takast á við að stýra og stjórna félagi eða nefndum var áskorun sem hver og einn fékk þar sem kosið var til eins árs í senn. Það er alveg hægt að fullyrða og halda því fram, á þeim tíma, að þetta hafi verið einn öflugasti félagsmálaskóli landsins.

JC Selfoss hélt fjögur landsþing JC-hreyfingarinnar á Íslandi þar sem nokkur hundruð fulltrúar komu saman alls staðar af landinu. Fyrsta þingið var haldið á Laugarvatni árið 1977, næsta var á Selfossi árið 1982 og

eftur á Selfossi 1987. Síðan var þing haldið á Selfossi töluvert síðar eða árið 2002. Öll þessi þing vöktu mikla athygli fyrir góða skipulagningu og skemmtilega samveru. JC Selfoss fékk margvíslegar viðurkenningar fyrir vel unnin störf eins og byggðarlagsverkefni sem var að vekja athygli á brunavörnum á heimilum fólks. JC Selfoss tók virkan þátt í ræðukeppnum hreyfingarinnar, bæði einstaklinga og ræðuliða, með góðum árangri. JC Selfoss átti fulltrúa í landsstjórn hreyfingarinnar, árið 1979 var Haukur Arnarr Gíslason kosinn landsforseti, sama ár var Valdimar Bragason kosinn landsritari, árið 1983 var Björn Inga Gíslason kosinn varalandsforseti og árið 1995 var Jens

Uwe Friðriksson kosinn varalandsforseti. JC Selfoss var félagsskapur sem hafði mikil áhrif á marga þætti í okkar samfélagi. Félag sem skilað hefur mörgum góðum einstaklingum til samfélagsins.

Á undanförunum vikum hafa nokkrir félagar verið að vinna að undirbúningi tímamótanna þar sem ákveðið er að halda samkomu í Hótel Selfoss laugardaginn 20. september kl. 19.30 á góðum JC kjörum. Allir félagar í JC Selfoss og makar þeirra eru hjartanlega velkomnir á 50 ára afmælishátíðina. Tilkynna verður um þátttöku fyrir 10. sept. á netfangið uwe@simnet.is. Kæru JC-félagar, komum saman og rifjum upp gömlu góðu JC-árin.



Í tilefni af 90 ára afmæli mínu langar mig að bjóða vinum, vandamönnum og samferðafólki að fagna með mér á opnu húsi í Versölum, Ráðhúsi Þorlákshafnar þann 20. september 2025 milli klukkan 17:00 og 21:00

Ásberg Lárentsínusson



Gjafir eru afpakkðar en bent er á að styrkja Lúðrasveit Þorlákshafnar þess í stað
Kt: 460893-2409
0150-05-060205

Hægt er að senda kveðjur, minningar, myndir eða vídeó sem verða sýnd í veislunni á tölvupóst á netfangið: asberg190@gmail.com



RANGÁRFLATIR 4 - HELLA



531 8010



Stracta Bistro er á jarðhæð Stracta Hótels á Hellu.

Gestir okkar geta notið fjölda rétta með áherslu á heilsusamlegt fæði sem unnið er úr afurðum í nærliggjandi sveitum.

Bistro veitingahúsið er góður kostur fyrir gesti með fjölbreytt úrval við hæfi hvers og eins.

Opnunartími er:

Opið alla daga frá kl. 12:00 til 22:00



ÞRÚÐVANGUR 6 - HELLA



662 8110



Velkomin á Rótina – þar sem ítölsk matargerð mætir ferskleika íslenskrar náttúru.

Við leggjum metnað í að bjóða upp á handgerðar pizzur og pastarétti, ásamt úrvali af kokteilum og vönduðum vínum.

Við bjóðum upp á take away pizzur.

Opnunartími er:

Sunnudaga til miðvikudaga: 12:00 – 21:00

Fimmtudaga til laugardaga: 12:00 – 22:00

*Next Door
to Nature*

WWW.STRACTA.IS

Byggðapróunarfulltrúi í Uppsveitum Árnessýslu

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur í samstarfi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga auglýsa laust til umsóknar starf byggðapróunarfulltrúa.

Byggðapróunarfulltrúi veitir ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnu- og byggðapróunar, vinnur að upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga og svæðisbundnum verkefnum á sviði byggðapróunar, auk þess kemur hann að ferðatengdum málum og fjölmenningu. Byggðapróunarfulltrúi sinnir verkefnum í samráði við sveitarfélögin fjögur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Einnig starfar fulltrúinn með samstarfshópi samtakanna og öðrum byggðapróunarfulltrúum á Suðurlandi.

Um tímabundna ráðningu er að ræða til ársloka 2027 og starfshlutfall allt að 100%. Viðkomandi hefur aðalstarfsstöð á skrifstofum Bláskógabyggðar í Aratungu, Reykholti, en hefur einnig fasta viðveru á skrifstofum hinna sveitarfélaganna þriggja. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

Hlutverk byggðapróunarfulltrúa

- Veita ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála með sérstaka áherslu á umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- Aðkoma að fræðslu og þjálfun fyrir frumkvöðla
- Vinna við söfnun og greiningu upplýsinga á sviði atvinnu- og byggðamála
- Vinna að upplýsingamiðlun um stoðkerfi atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningar og byggðamála
- Hvetja hagaðila innan svæðis til verkefnaþróunar og þátttöku í samstarfsverkefnum
- Styðja við stefnumörkun sveitarfélaganna á sviði byggðamála og framfylgir einstökum aðgerðum
- Vinna að og þróa svæðisbundin verkefni að eigin frumkvæði og í samstarfi við hagaðila
- Vinna að innleiðingu og eftirfylgni sameiginlegrar atvinnustefnu sveitarfélaganna
- Vinna að ferðatengdum málum, m.a. ráðgjöf og upplýsingamiðlun og þátttaka í faghópi sveitarfélaga á Suðurlandi og Markaðsstofu Suðurlands
- Aðkoma að fjölmenningsmálum, þ.m.t. gerð móttökuáætlunar
- Viðkomandi vinnur í samstarfi við oddvita og sveitarstjóra sveitarfélaganna fjögurra

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða ráðgjöf æskileg
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð tölvufærni og hæfni í tjáningu í ræðu og riti (á íslensku)
- Frumkvæði í starfi og samstarfsfús
- Hæfni í að tileinka sér nýja þekkingu og miðla henni áfram
- Þekking á nærsamfélaginu og áhugi á að efla sitt tengslanet

Æskilegt er að viðkomandi hafi fasta búsetu í Árnessýslu og geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 11. september 2025. Umsókn skal skilað stafrænt á Alfreð (www.alfred.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Ásta Stefánsdóttir (asta@blaskogabyggd.is) 480-3000 og Ingunn Jónsdóttir (ingunn@sass.is) 480-8200.



Rauði krossinn býður ungu fólki úr Grindavík á námskeið

Ungu fólki úr Grindavík á aldrinum 16-25 ára býðst í haust og vetur að sækja ókeypis námskeið sem hluta af verkefniinu Viðnámsþróttur Suðurnesja. Markmiðið er að efla seiglu og sjálfstraust og veita hagnýt verkfæri sem nýtast í daglegu lífi til framtíðar. Sérfræðingar Litlu Kvíðameðferðarstöðvarinnar standa að námskeiðunum og eru þau í boði Rauða krossins. Fyrirtækið Rio Tinto er styrktaraðili verkefnisins.

„Verkefnið Viðnámsþróttur Suðurnesja, sem Rauði krossinn heldur úti, snýst um að styðja íbúa svæðisins, einkum Grindavíkinga, í kjölfar þeirra áskorana sem samfélagið hefur staðið frammi fyrir,“ segir Jasmina Vajzovic Crnac, verkefnastjóri verkefnisins. „Með þessum námskeiðum fá ungmenni tækifæri til að styrkja sig, læra aðferðir til að takast á við álag og byggja upp trú á eigin getu.“

Í boði verða þrjú námskeið: HAM-fræðsla um aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar, Hættu að fresta þar sem unnið er með frestunarvenjur og hagnýtar leiðir til að rjúfa vítahringi og Vertu þú! sem snýst um að efla sjálfsmynd og sjálfstraust.

„Við viljum styðja ungt fólk sem hefur orðið fyrir miklum breytingum og álagi undanfarið,“ segir Ellen Sif Sævarsdóttir,

sálfræðingur hjá Litlu Kvíðameðferðarstöðinni. „Markmiðið er að styrkja innri seiglu, efla sjálfstraust og bjóða ungmennum öflug verkfæri til að takast á við lífið, ný tækifæri og þær áskoranir sem bíða þeirra.“

Námskeiðin verða haldin á tveimur stöðum: Í húsnæði Litlu kvíðameðferðarmiðstöðvarinnar í Síðumúla 13 í Reykjavík og í húsnæði Rauða krossins að Smiðjuvöllum 8 í Reykjanesbæ.

Skráning fer fram hjá Litlu Kvíðameðferðarstöðinni. Miðað er við að á hverju námskeiði verði að hámarki tuttugu þátttakendur.

Jasmina hvetur ungmenni til að skrá sig tímanlega. „Þetta er einstakt tækifæri til að styrkja sjálfan sig, byggja upp trú á eigin getu og fá verkfæri sem nýtast alla ævi.“

Nánari upplýsingar um námskeiðin sem í boði eru og hvernig skal haga skráningu eru að finna á vef Rauða krossins.

Með góðum kveðjum.



Andleg heilsa í forgrunni hjá Draugum fortíðar

Þeir Baldur og Flosi sem stýra hlaðvarpþættinum vinsæla „Draugar fortíðar,“ætla nú í annað sinn í september að heimsækja Ísland með viku ferð um landið.

Þeir félagar taka fyrir ýmis mál úr mannkynssögunni og nálgast þau úr ýmsum áttum á skemmtilegan og lifandi en umfram allt fræðandi máta. Ekki síst hefur umræða þeirra um geðræn vandamál og andlega heilsu stuðlað að því að þeir eiga dyggan hóp hlustenda.

Draugarnir hafa haldið stök lifandi kvöld þar sem hlustendum er boðið að upplifa fortíðina í návígi við þáttarstjórnendur og jafnvel taka þátt í dagskránni. Í janúar fóru draugarnir víðreist

um landið og heimsóttu alla landsfjórðunga. Voru kvöldin vel sótt og gríðarleg stemning á öllum viðkomustöðum.

Draugarnir munu í september fara annan rúnt um landið eftir fjölmargar áskoranir. Þrír staðir verða aftur heimsóttir að þessu sinni en einnig verða þrír nýir viðkomustaðir. Dagskráin mun eins og áður skiptast í tvo hluta. Eitt umfjöllunarefnið er flutt á öllum viðkomustöðum en hitt verður staðbundið, þ.e.a.s. umfjöllunarefnið mun snerta sögu og menningu þess staðar sem heimsóttur er. Hvert sem umfjöllunarefnið verður munu þeir Flosi og Baldur kryfja til mergjar á sinn einstaka máta.



Uppskeruhátíð í Hrunamannahreppi

HALDIN Á FLÚÐUM OG NÁGRENNI LAUGARDAGINN 6. SEPTEMBER 2025

FÉLAGSHEIMILIÐ Á FLÚÐUM - MARKAÐUR

Opið kl. 13-16. Fjölbreyttar kræsingar og áhugaverðar vörur til sölu. Kaffisala á staðnum.

HRUNAKIRKJA - FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

Uppskerumessa kl. 11. Bæn, orð, hugvekja og söngur við allra hæfi. Leikir og grillaðar pylsur að messu lokinni.

HÚS MINNINGANNA - SAFN

Opið kl. 12-17. Fallegir gamlir munir. Kjörð tækifæri til að rifja upp sögur sem tengja saman ólíkar kynslóðir.

ULLARVERIÐ - VERSLUN

Opið kl. 11-16. Margvíslegar ullarvörur, garn og handverk til sölu. Kaffi á könnunni og fróðleikur um íslenska ullarsögu á veggjum. Faldbúningur og kyrtill til sýnis á saumastofu Fjallafrúarinnar.

GARÐYRKJUSTÖÐ SIGRÚNAR - SNEIÐIN 3

Opið kl. 12-17. Fullir rekkar af grænmeti til sölu. Ýmislegt annað skemmtilegt, sniðugt og einstakt að skoða eða kaupa. Kynning á einingahúsum frá Arkitek.is.

LISTASÝNING - HEIÐARBYGGÐ

Opið kl. 13-18. Flottar myndir málaðar á striga, pappír og steina. Heitt á könnunni. Sýningin er haldin í sumarbústað að Móadal 5, í Heiðarbyggð, 5 km vestur af Flúðum.



ALLT UM UPPSKERUHÁTÍÐINA

SÓLSKINSBÚÐIN - MELUM

Opið kl. 10-17. Úrval af grænmeti, ferskum kryddjurtum, gæðakjöti og smávörum – allt beint frá bónda. Sérvalið kaffi og bakkelsi í hillunum.

FARMERS BISTRO - VEITINGASTAÐUR

Opið kl. 12-17. Sælkerahlaðborð og ýmsar aðrar kræsingar á borðum. Sveppir og annað grænmeti til sölu.

KAFFI-SEL - VEITINGASTAÐUR

Opið kl. 11:30-20. Ljúffengar veitingar á matseðli, ýmsir smáréttir, pizzur og hamborgarar. Veitingastaður, staðsettur í grónu umhverfi við golfvöllinn.

THE HILL HOTEL - VEITINGASTAÐUR OG GISTING

Opið kl. 12-21. Upplifðu fjölbreyttan matseðil þar sem boðið er upp á ljúffenga með réttum úr úrvals hráefnum af svæðinu. Happy Hour alla daga kl. 15-18.

THE DRUNKEN SHEEP - VEITINGASTAÐUR

Opnar kl. 12:00. Íslensk kjötsúpa með nýuppteknu grænmeti á matseðlinum. Súpa, snarl og notaleg stemmning allan daginn. Happy Hour frá kl. 12:00.

SÆSABAR - DRYKKUR OG SKEMMTUN

Opið kl. 13-17 og 20-01. Fjörugt barnabingó kl. 15. Sjoppa opin með gotterí, krapi og poppi. Grænmeti til sölu. Tilboð á ýmsum drykkjum fram á kvöld. Kalli Hallgríms kemur með gítarinn kl. 21:30.

THE STAR - KÍNVERSKUR VEITINGASTAÐUR

Opið kl. 11:30-13:30 og 18-21. Fjölbreyttur og bragðgóður matur. Tilboð á djúpteiktum rækjum og núðlum með grænmeti.

MINILIK - EPIÓPÍSKUR VEITINGASTAÐUR

Epiópískt kaffi í boði kl. 14-16. Eldhúsið opið kl. 17-21. Gómsætur matur og epiópísk matarmenning eins og hún gerist best.

FLÚÐASVEPPIR

Innlit í sveppaklefa kl. 16. Einstakt tækifæri til að skoða hvernig lífrænt ræktaðir sveppir eru framleiddir úr íslensku hráefni.

SELSVÖLLUR - GOLFKLÚBBURINN FLÚÐUM

Átta holu skemmtilegur skógarvöllur, staðsettur rétt við Flúðir. Á Uppskeruhátíðinni fer fram Opna íslenska grænmetismótið.

LÆKJARGARÐURINN - BAKVIÐ FÉLAGSHEIMILIÐ

Skemmtilegur frísbíggvöllur og ærslabelgur fyrir yngstu börnin. Stór ærslabelgur fyrir eldri börnin og hugrakka foreldra, aparóla, strandblaksvöllur og grillskýli.

GAMLA LAUGIN FLÚÐUM

Opið kl. 10-20. Elsta sundlaug á Íslandi, byggð 1891. Einstök upplifun við rjúkandi hverasvæði.

HRUNALAUG

Opið kl. 9-21. Dásamleg náttúruperla í nokkurra mínútna fjarlægð frá Flúðum.

SUNDLAUGIN FLÚÐUM

Opið kl. 13-18. Í hjarta Flúðahverfisins bíður þín gömul og hlýleg sundlaug með einstökum sjarma.

Verið öll hjartanlega velkomin



Boogie woogie orkan naut sín í Risinu síðasta föstudagskvöld

Breski píanósnillingurinn Ben Waters hefur í rúma tvo áratugi verið einn fremsti boogie-woogie og rhythm & blues flytjandi Evrópu. Hann er þekktur fyrir tilfinningarík tónlistaratriði þar sem fimur fingur hans leika á píanó með slíkum krafti að áheyrendur gleyma sér við sjónarspilið.

Waters fæddist í Weymouth árið 1976 og byrjaði ungur að tileinka sér stíl Fats Domino og Jerry Lee Lewis. Hann hefur síðan deilt sviði með stórstjörnum á borð við The Rolling Stones, Jools Holland, Chuck Berry og Jerry Lee Lewis sjálfan.

Ég spyrði Ben hversu gamall hann var þegar hann hóf að spila

fyrst og hvað hélt honum svo við efnið og hann sat ekki á svörum.

„Það má segja að ég hafi ekki hætt að spila eftir að ég byrjaði að fíkta mig áfram um fjórtán ára aldurinn. Þetta varð líkt og fíkn fyrir mér þar sem ég fékk ekki nóg af því að spila!“

Á ferlinum hefur hann spilað á sögufrægum stöðum á borð við Royal Albert Hall í London og Sydney Opera House, en einnig haldið líflega klúbba-tónleika þar sem nálægðin við áhorfendur fær boogie-orkuna til þess að njóta sín á alveg sérstakan máta.

„Ég byrjaði á klúbbum, spil-

aði fyrir fáa áheyrendur fyrir ekki svo mikinn aur en það var eitt-hvað við stemmninguna,“ segir hann dreyminn. Ég tek undir að það hljómi afar rómantískt en spyr hvort það hefði ekki orðið þreytt til lengdar?

„Ég þreyttist í raun aldrei á því en örlögin gripu í taumana og áður en ég vissi af var ég farin að spila með ótrúlegasta fólki og algjörum snillingum sem veittu mér enn meiri innblástur í tónlistinni.“

En hvers vegna Selfoss? Spyr ég að lokum og Ben verður dulur á svip er hann svarar því einfaldlega að það sé svo persónuleg nálgun við fólk að koma fram á

svo fámennum stað miðað við stórborgirnar úti, og eitthvað við það, viss tilfinning sem erfitt er að útskýra.

„Það verður dýpri nálgun þeg-

ar spilað er fyrir smærri hópa og svo elska ég Ísland!“ endar hann á að segja með vissu blik í auga eftir líflegt kvöld á risinu.

S.C



Hannyrðahornið Zoe hálskragi

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is

Stærðartafla

Athugið að þetta eru bara tölur til leiðbeiningar, það má hafa stroffið lengra eða styttra ef þið viljið.

Stærðir	1-2 ára	3-6 ára	7-10 ára	Fullorðins
Ummál	10-12 cm	12-14 cm	14-16 cm	16-18

Garn

- Scout frá Kelburn 1 hespa
- Merry Merino 2 dokkur
- Viking Merino 2 dokkur

Eða sambærilegt garn sem hentar prjónfestunni
Garnið fæst hjá Bobbý Hveragerði og bobby.is

ÞAÐ SEM ÞARF:

Hringprjónar 4 mm, 40 og 60 cm.
4 prjónamerki.
Stoppunál til að ganga frá endum.

LESIÐ VEL YFIR UPPSKRIFTINA ÁÐUR EN BYRJAÐ ER

TÆKNIUPPLÝSINGAR:

Kraginn er prjónaður í hring, stroffið er prjónað 1 slétt lykkja og 1 brugðin lykkja. Axlalykkjur eru prjónaðar áfram 1 slétt og 1 brugðin en berustykkið er prjónað slétt, aukið út til hægri og vinstri í hverri umferð. Þegar búið er að fella af axlarlykkjurnar, er haldið áfram með fram og bakstykki, slétt á réttu, og brugðið á röngu. Þegar búið er að skipta stykkinu upp eru 2 fyrstu lykkjurnar og 2 síðustu lykkjurnar kantlykkjur á fram og bakstykki og eru prjónaðar í sléttu umferðinni en teknar óprjónaðar af með bandið fyrir framan á röngunni.

UPPSKRIFT:

Fitjið laust upp, 72 – 84 – 96 – 108 lykkjur á 4 mm prjón og prjónið 1 lykkju slétt og 1 lykkju brugðið út umferð, setið prjónamerki við upphaf svo þið vitið hvar umferð byrjar og endar.

Prjónið stroffið þar til það mælist 10 – 12 cm - 12 – 14 cm – 14 – 16 – cm 16 – 18 cm. Eða eins langt og þið viljið, það er gert ráð fyrir að stroffið sé brotið niður og kraginn verði tvöfaldur.



Næst eru sett prjónamerki við axlarstykkinn alls 4 prjónamerki.

Þið notið 1. prjónamerkið við upphaf, eins og áður. Prjónið 13 – 15 – 17 – 21 lykkjur stroff (axlarstykki). Setjið prjónamerki nr. 2 prjónið 23 – 27 – 31 – 33 lykkjur slétt, (framstykki).

Setjið prjónamerki nr. 3 og prjónið hitt axlarstykkið 13 – 15 – 17 – 21 lykkjur stroff.

Setjið prjónamerki nr. 4 og prjónið (bakstykkið) 23 – 27 – 31 – 33 lykkjur.

Nú þarf að auka út við öll prjónamerkin, til hægri og vinstri, sem er gert svona:

- Prjónið axlarstykkið 13 – 15 – 17 – 21 lykkjur aukið út til vinstri, lyftið upp þverbandinu með vinstri prjón og prjónið slétt aftan í bandið.
- Prjónið 23 – 27 – 31 – 33 lykkjur, (framstykkið) og aukið út til hægri með því að lyfta upp þverbandinu með vinstri prjón aftan frá og prjónað slétt í fremra bandið.
- Prjónið axlarstykkið 13 – 15 – 17 – 21 lykkjur aukið út til vinstri, lyftið upp þverbandinu með vinstri prjón og prjónið slétt aftan í bandið.
- Prjónið 23 – 27 – 31 – 33 lykkjur, (framstykkið) og aukið út til hægri, með því að lyfta upp þverbandinu með vinstri prjón aftan frá og prjónar slétt í fremra bandið.

Þetta er endurtekið í hverri umferð þar til að axlarstykkið mælist ca 6 – 8 – 10 – 12 cm.

Þegar sentimetrinum er náð er felld laust af allar axlarlykkjur, svona:

- Fellið af 13 – 15 – 17 – 21 lykkjur, prjónið framstykkið, fellið af 13 – 15 – 17 – 21 lykkjur, prjónið bakstykki.

BAKSTYKKI:

- Snúið stykkinu við, þannig að rangan snúi að ykkur, takið fyrstu 2 lykkjurnar óprjónaðar yfir á hægri prjón með bandið fyrir framan, prjónið brugðið þar til að 2 lykkjur eru eftir af prjóninum, hafið bandið fyrir framan og takið síðustu tvær lykkjurnar óprjónaðar yfir á hægri prjón.
- Prjónið allar lykkjur slétt.

Þessar 2 umferðir endurteknar amk. 8 – 10 – 16 sinnum

Þá eru teknar saman 2 lykkjur fyrir innan kantinn í slétta hlutanum, svona:

- Prjónið kantlykkjurnar 2, takið 2 lykkjur saman, prjónið þar til 4 lykkjur eru eftir, takið tvær lykkjur saman yfir á hægri prjón, eins og þið ætlið að prjóna þær og prjónið aftan í þær, prjónið kantlykkjurnar 2.
- Prjónið brugðið til baka eins og áður, og munið eftir kantlykkjunum!

Þessar umferðir endurtekið þið 8 – 10 – 16 sinnum

Prjónið stroff 1 slétt og 1 brugðin 4 – 6 umferðir ATH! Kantlykkjurnar halda sér.

Fellið laust af allar lykkjur.

FRAMSTYKKI:

Prjónið framstykkið eins og bakstykkið.

Þvoið eins og leiðbeiningarnar á garninu segir til um og leggið til þerris.

TAKK FYRIR AÐ KAUPA UPPSKRIFTINA OKK-AR.

Okkur þætti vænt um að ef þú setur peysuna á samfélagsmiðla að merkja okkur í póstinum @bobbyjardætur

Uppskriftin er eign Bobbýjardætra og ekki er leyfilegt að dreifa henni eða afrita nema til eigin nota Ef aðstoðar er þörf hafið samband við okkur í email. Bobbýjardætur ehf info@bobby.is

BOBBÝJARDÆTUR

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is



Minni kvenna í galleríinu Undir stiganum

Þriðjudaginn 2. september opnar ný myndlistasýning í galleríinu Undir stiganum en það er myndlistakonan Fríður Gestsdóttir sem málaði myndirnar.

Fríður lærði í Myndlistaskóla Kópavogs og hefur lokið fjölmörgum námskeiðum, bæði hér heima og erlendis. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum sam-sýningum og verið með einkasýningar, meðal annars í Turninum á Smáratorgi og Bókasafni Kópavogs.

Fríður býður öllum sem

skoða sýninguna að taka þátt í happdrætti en í lok september mun hún draga nafn einhvers sem skrifar í gestabókina og hlýtur viðkomandi málverk í verðlaun.

Opnun sýningarinnar Minni Kvenna er kl. 17 og verður hægt að skoða sýninguna á opnunartíma Bæjarbókasafns Ölfuss út septembermánuð. Safnið býður upp á kaffi og konfekt. Öll velkomin!

Árný Leifsdóttir
Forstöðukona Bæjarbókasafns
Ölfuss



Judoæfingar fyrir alla aldurshópa

Við bjóðum upp á judoæfingar fyrir börn og full-orðna – fyrir alla, frá byrjendum til lengra komna. Komdu og prófaðu þessa spennandi og skemmtilegu íþrótt sem byggir upp styrk, jafnvægi og sjálfs-traust. Frítt er á fyrstu tvær æfingar. Erum staðsett í Sandvík fyrir framan sundhöllina.

Nánari upplýsingar inná umfs.is/judo



Hvað viltu vita?

Íbúðalán og tryggingar við fyrstu kaup

9. september | Selfoss

Hvað ber að hafa í huga þegar kemur að fyrstu íbúðarkaupum? Hvaða íbúðalán hentar og hvaða tryggingar þurfa að vera til staðar?

Erindi flytja Ingvar Ingvarsson, lánastjóri Húsnæðislánþjónustu Íslandsbanka og Berglind Halla Elíasdóttir, sérfræðingur í þjónustuupplifun hjá VÍS.

Fundurinn fer fram þriðjudaginn 9. september kl. 17:00 Á Hótel Selfossi. Boðið verður upp á léttar veitingar á meðan fundinum stendur.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14

Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13

Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16

Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14

Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13

Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smáranir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Yoga Nidra byrjar

1. sept. kl. 17:00

3. sept. kl. 17:30

5. sept. kl. 10:00



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í fíróttaræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumdætt,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

TIL LEIGU

Ert þú í leit að kyrrlátum
stað í vetur?

Veiðihúsið í Alviðru er til leigu á
tímabilinu október til apríl.
Veiðihúsið er vandað 60 m2
timburhús skammt frá vegamót-
un Biskupstungubrautar og
Grafningsvegur.

Í því eru þrjú svefnherbergi, fínt
baðherbergi með sturtu, vel
búið eldhús, rúmgóð stofa með
útgengi út á veglegan pall og
þvottaaðstaða í geymslu.
Útsýni úr húsinu er dásamlegt:
Sogið, Þrastarskóg, engi
Alviðru, til Heklu og
Eyjafjallajökuls.
Mánaðarleiga er 180.000 kr.
Áhugasamir sendi tölvupóst á
netfangið tryggvifel@gmail.
com með upplýsingum, óskum
og spurningum.

Gott að eldast í Hveragerði

Í dag hafa Heilbrigðisstofnun
Suðurlands og Hveragerðis-
bær gert samning við Ás hjúk-
unarheimili um samþætta
heimaþjónustu við íbúa í Hvera-
gerði frá 1. september nk. Verkefnið er tilraunaverkefni sem byggist á aðgerðaráætlun Gott að eldast sem er samstarfsverkefni milli Félags- og húsnæðismálaráðuneytis og Heilbrigðisráðuneytis. Ás mun þannig sinna heimahjúkrun og félagslegum heimaþjónunngi við íbúa Hveragerðisbæjar 60 ára og eldri sem sækja um og fá samþykktu slíka þjónustu. Áður hefur í Ási verið starfrækt dagdvöl ásamt því að þaðan hafa íbúar Hveragerðis-

bæjar sem óskað hafa eftir fengið mat sendan heim.

„Ég tel mikilvægt og gott skref stigið í dag í átt að því að tryggja samfellu milli þjónustustiga fyrir þá íbúa Hveragerðisbæjar sem þurfa stuðning með það að markmiði að geta haldið áfram að búa á eigin heimili. Með þessum samningi bind ég vonir við að hægt verði að þróa þjónustuna betur og mæta þeim fjölbreytta hópi sem nú þiggur þjónustu.“ segir Karl Óttar Einarsson, forstjóri Grundarheimilanna sem að Ás er hluti af.

„Með þessum samningi erum við að sameina krafta heilbrigðis- og félagsþjónustu með það að markmiði að tryggja að íbúar fái þjónustu á réttum tíma og af réttum aðilum. Þetta er mikilvægt skref í átt að heildstæðri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins.“ segir Dána Óskarsdóttir forstjóri Heilbrigðis-

stofnunar Suðurlands og heldur áfram: „Ég tel þetta vera sterkt dæmi um hvernig samvinna getur skapað betri lífsgæði fyrir íbúa okkar. Því í grunninn viljum við öll það sama sem er að geta notið efri árána sem best með öryggi, reisn og góðum stuðningi.“

„Öflug og metnaðarfull öldrunarþjónusta í fjölbreyttum myndum er eitt af einkennum Hveragerðisbæjar, sem við erum afar stolt af. Með þessum samningum undir verkefninu Gott að eldast erum við að taka mikilvægt framfaraskref í þjónustu, frelsi og valdeflingu fyrir íbúa 60+. Með verkefninu Gott að eldast eflum við enn frekar lífsgæði og velferð íbúa bæjarins – það er mikið fagnaðarefni og í takt við þær áherslur sem nú móta bæinn.“ Segir Pétur G. Markan bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

KIRKJUR

Hveragerðiskirkja

Messa kl. 20. Prestur sr Axel Á Njarðvík. Organisti Miklos Dalmay. Kór Kotstrandar og Hveragerðissókna leiða söng. Vænst er þátttöku sem flestra.

Selfosskirkja

Fjölskyldumessa sunnudaginn 7. september kl. 11:00. Barnakórinn syngur, stjórnandi Bergþóra Kristínardóttir og Edit A. Molnár, prestur Anna Eiríksdóttir. Morgunbænir miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10:00. Foreldrasamverur miðvikudaga kl. 11:00. Upplýsingar um safnaðarstarf á selfosskirkja.is

Hrunakirkja

Uppskerumessa laugardaginn 6. sept. kl. 11. Almennur söngur, hugvekja, orð og bæn. Grillaðar pylsur á eftir og leikir. Samvera fyrir alla fjölskylduna. Verið öll velkomin!

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 7. september. Fermingarbörn komandi vetrar og fjölskyldur þeirra eru sérstaklega boðin velkomin. Lítið barn borið til skírnar, mikill söngur og gleði. Sr. Kristín Þórunn sóknarprestur, Bergþóra djákni og Jón dómorganisti þjóna. Innilega velkomin!

TIL SÖLU

Ál handflekamót til sölu

c.a. 33 metrar í tvöföldun. 270 sm á hæð. Upplýsingar í síma 8985696 Hilmar



Hátíð sem skipar sér sess í hjarta fólksins

Árleg Kjötsúpuhátíð fór fram á Hvolsvelli um helgina, dagana 29. ágúst til 1. september. Hátíðin, sem hefur skipað sér sess sem einn helsti menningarviðburður Suðurlands og laðaði að sér bæði heimamenn og gesti víðs vegar að af landinu.

Líkt og áður er kjötsúpan í aðalhlutverki, en fjölskyldur og fyrirtæki í bænum bjóða gestum í súpu á svokölluðu súpurölti. Það má með sanni segja að hátíðin hafi verið lífleg og létt yfir mannskapnum.

Dagskráin var fjölbreytt. Á svæðinu voru tónleikar með hinum ýmsu hljómsveitum og atriðum. Markaðir og matarvagnar, BMX- brós sýndu listir

sínar og sannkölluð uppskeruhátíð. Börnin voru ekki svikin þar sem VÆB mættu og tóku lagið við mikinn fögnuð ungra áheyrenda. Það voru ýmisskonar tónar sem hljómuðu á Hvolsvelli þá helgina, djassinn dunaði en Unnur Birna ásamt manni sínum Skafta og honum reynda tónlistarmanni Bjössa Thor tróðu upp í sveitabúðinni Unu. Á laugardagskvöldinu naut fólk svo brekkusöngs í boði Guðnýju Árnýjar og flugeldasýning í lokin áður en dansleikur tók við og stuðið entist langt fram eftir nóttu fyrir þá sem vildu njóta enn lengur.

S.C



Hvað varð um loforðin fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri

Í kosningabaráttu fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2022 settu meirihlutflokkarnir í Árborg – D-listi Sjálfstæðisflokksins og Á-listi Áfram Árborg – fram skýr loforð til íbúa í öllum byggðarkjörnum sveitarfélagsins. Sérstaklega var minnst á **framτίðaruppbyggingu skólahúsnæðis á Eyrarbakka og menningarsal á bæði Eyrarbakka og Stokkseyri**. Báðir listar lögðu einnig áherslu á bætt aðgengi gangandi og hjólandi, öryggi í samgöngum og að innviðaupbygging héldi í við nýja byggð.

Nú, þremur árum síðar, blasir við skýr andstæða: Á meðan á Selfossi hefur verið byggt upp á miklum hraða, skólamannvirki, atvinnulóðir og fjölbreyttar framkvæmdir, þá sitja þorpin við ströndina eftir með loforð sem hafa annaðhvort stöðvast eða gufað upp. Það er afar sorglegt að ganga um þessi fállegu þorp við ströndina þar sem íbúar margir hverjir sinna sínu nærumhverfi vel og sinna sínum lóðum og húsum af kostgæfni, þá lætur sveitarfélagið innviði þorpanna skemmast og drabbast niður og sinnir ekki viðhaldi á götum og gangstéttum. Margar gangstéttir hér við ströndina eru þannig orðnar hættulegar fólki, þá sér í lagi eldra fólki og fötl-uðum þar sem aðgengi er afar lélegt.

Skólamál og bráðabirgðahúsnæði
Hvað varðar framτίðaruppbyggingu við skólahúsnæði á Eyrarbakka, þá hefur lítið heyrst af

þeim loforðum D- og Á-lista eftir að þeir tóku við völdum. Á Eyrarbakka voru settar upp færanlegar kennslustofur við Barnaskólann árið 2023 vegna myglu sem kom upp í skólahúsnæðinu á Eyrarbakka. Í **vor 2025 var samþykkt að bæta við enn frekara bráðabirgðahúsnæði**, vegna mikilla þrengsla og aðstöðuleysis nemenda og starfsmanna við skólann, en enn hefur ekkert bólað á þeirri lausn. Þannig eru börn og starfsfólk áfram í bráðabirgðaaðstöðu – þvert á loforð um framτίðaruppbyggingu skólahúsnæðis, sem ekkert hefur verið unnið með síðustu þrjú árin.

Menningarhús og samfélagsrými
Bæði Eyrarbakki og Stokkseyri áttu að fá menningarsal. Hugmyndin lifir enn í stefnumótun en hvorki hefur verið auglýst deiliskipulag né fjármögnun tryggð. Á meðan á Selfossi hefur verið öflug uppbygging þar sem framkvæmdir blómstra, bíða íbúar strandarþorpanna eftir því að loforðin verði að veruleika.

Götur, gangstéttir og umhverfi
Á Eyrarbakka var sótt um framkvæmdaleyfi árið 2022 til að endurnýja **Eyrargötu og gangstéttir** á 260 metra kafla. Málinu var frestað í skipulagsnefnd og ekkert síðan heyrst, þar til núna í sumar þegar loksins hafist var handa við að lagfæra þessa 260 metra. Betur má ef duga skal þar sem göturnar og gangstéttirnar eru í mikilli niðurníðslu, sprungur og holur eru algengar

og blómabeð og umhverfi illa hirt.

Á Stokkseyri er svipað ástand: götur og stígar bíða viðhalds og uppbyggingar en það sem sést er aðeins almenn viðhaldsvinna á pappírnum sveitarfélagsins. Íbúar upplifa að þorpið fái ekki sama sess og Selfoss, þar sem nýr miðbær, atvinnulóðir og fjöldi framkvæmda sýna allt aðra forgangsroðun.

Innviðir og grunnþjónusta
Ljósleiðari hefur verið lagður að gatnamótum Stokkseyrar–Eyrarbakka og nýr rafstrengur settur í miðbæ Eyrarbakka. Fráveituframkvæmdir eru inni í fjárhagsáætlun næstu ára en óljóst hvenær þær hefjast. Þetta eru vissulega mikilvægar aðgerðir en litlar miðað við loforðin um öfluga innviðaupbyggingu.

Selfoss – uppbyggingin í forgangi
Á meðan hafa framkvæmdir á Selfossi verið gríðarlegar. Nýr miðbær hefur risið, fjölmörg hús hýsa verslanir og þjónustu, ný hótél og veitingahús hafa opnað og atvinnulóðum hefur verið úthlutað. Það er augljóst að stærsti hluti fjármagns og athygli sveitarfélagsins hefur farið þangað. Þetta er allt mjög jákvætt og gott fyrir sveitarfélagið en á sama tíma má ekki gleyma að við ströndina er lítil sem engin uppbygging.

Sjálfstæðisflokkur og Á-listinn verða að efna sín loforð
Íbúar Eyrarbakka og Stokkseyrar horfa nú upp á að loforð



Sædis Ósk Harðardóttir.

meirihlutans frá 2022 hafi ekki skilað sér í sýnilegum umbótum í þeirra nærumhverfi. Bráðabirgðalausnir í skólahaldi, ófrá-gengin verkefni í gatnagerð og óraunhæf menningarhúsáform standa í skörpum andstæðum við uppbygginguna á Selfossi. Þorpin við ströndina eiga betra skilið. Nú er kominn tími til að meirihluti bæjarstjórnar, Sjálfstæðisflokkur og Á-listi Árborgarlistans, standi við loforðin sem gefin voru og tryggi að allir hlutar Árborgar njóti jafns forgangs og framtíðarsýnar.

- Sigin og brotin gangstétt við Túngötu – dæmi um vanrækslu í viðhaldi

- Djúp hola við Túngötu – hættuleg bæði gangandi og hjólandi.
- Gangstétt sprungin og kantar molnaðir – engin viðgerð í mörg ár
- Blómabeð á kafi í illgresi – áður fállegt og vel við haldið Úrgangi úr framkvæmdum við Eyrargötu/Búðarstíg verður sturtað við bryggjuna og tjaldsvæðið–vinsælt útivistarsvæði og göngusvæði.

Sædis Ósk Harðardóttir, íbúi á Eyrarbakka.



Mynd frá Eyrabakka.



Mynd frá Eyrabakka.



Mynd frá Stokkseyri..



Mynd frá Stokkseyri..

VIÐ ERUM FLUTT Í GAGNHEIÐI 17



prentmet
heildarlausnir í prentun



Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildirur
- Sandgildirur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA OG SÉRÞEKKING Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA FYRIRTÆKI HÚSFÉLÖG SVEITAFÉLÖG

510-1180 / 669-8441

Stíflubjónusta Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR 20 ÁRA REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Pantað ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.

prentmet
heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI ehf.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

FRÁRENNSLI
GEFUM GÖMLUM LÖGNUM NÝTT LÍF

Myndum og staðsetjum lagnir

Stíflulosun og
rótahreinsum

15 ára reynsla

Sími 571 0300
frarennsli@gmail.com

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTUL

Fæst hjá BYKO Selfossi

ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf

okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is